

Stjórnarfundur 4.9.2024

Mættir: Eypór, Rósa Björk, Friðrika, Steinunn, Halldór, Gunnar og Kristín sem skrifaði fundargerð.

Fundur settur og Eypór stjórnaði honum.

Unglingalandsmótið tókst vel. Þurfum að telja saman tímana sem unnir voru í undirbúningi og vinnu á mótinu. Fáum þá greidda.

Knapamerkjanámskeið í Grunnskóla Borgarnes. Haldið verður áfram með það í vetur. Skólinn sér um bóklega hlutann, hmf hefur haft milligöngu um verklega hlutann. Þórdís er búin að hafa samband og mun sjá um kennsluna. (Er hægt að hafa þetta námskeið undir/í tengslum við æskulýðsnefnd?)

Speglarnir í reiðhöllina eru komnir. Finna tíma og setja upp. Fá á hreint hvernig á að festa þá og kaupa það sem þarf í verkið.

LH þingið 25. og 26. október í Borgarnesi. Búið að semja við Hótel Vesturland, þingið verður í Hjálmakletti frá föstudegi til sunnudags. Lokakvöldið verður á hótelinu en öll önnur dagskrá og matur í Hjálmakletti.

Hmf Borgf á rétt á 6 fulltrúum á þingið. Eypór, Steinunn, Gunnar, Kristín, Rósa Björk, (Kristján og Marteinn).

Verið að plana makaferð. Hringur um héraðið, byrjað í félagsheimilinu á stuttu erindi um félagið.

Halldór og Iðunn eru búin að vinna drög að skjali um tilnefningu til íþróttamanns Borgfirðings. Smá umræður um það en allir sáttir við það. Auglýsa þetta á heimasíðunni og Fb, óska eftir athugasemdum til að geta afgreitt á næsta fundi.

Uppskeruhátíð vestlenskra hestmanna verður hjá okkur þetta árið. Tala við Hótel Varmaland fyrst og athuga með lausar helgar.

Uppskeruhátíð Borgfirðings – hvernig stendur það? var sett í nefnd.

Klæðningin á félagsheimilið, ekkert verið gert ennþá.

Staða á fjórðungsmótinu. Félögin eru að tilnefna fulltrúa í stjórn mótsins.

Steinunn er búin að finna gám undir skít fyrir reiðhöllina. Ath hvað kostar, viljum við opinn eða lokaðann? - Lokaðann

Umræður um kerruplanið. Þar þarf að laga til.

Aðalfundur verður 14. nóvember.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 20.40

Næsti fundur ákveðinn 9. október kl 19.30